

Fyrir árið 2019 eru eftirfarandi verkefni áætluð fyrir Patrekshöfn og Bíldudalshöfn:

Hreinsun strandlengju

Fjörühreinsun á Rauðasandi í samstarfi við Umhverfisstofnun. Markmiðið er að hreinsa plast og rusl úr fjörunni og með því efla umhverfisvitund þáttakenda. Í kjölfarið verður þeim veiðarfærum sem finnast sett í gám og gefið til sjómanna ef þeir geta endurnýtt hluta af þessum veiðarfærum. til dæmis plast belgi, kúlur og fleira.

Verður auglýst sérstaklega í samvinnu við Umhverfisstofnun.
Fyrir hverja: Sjálfboðaliðar og notendur hafnarinnar

Fræðsla um plast í sjónum ásamt notkun á umhverfisvænum hreinsiefnum fyrir báta.

Fræðslufundur um plast í sjónum og nauðsyn þess að koma með allt að landi. Ásamt almennri umgengni um hafið. Fulltrúi frá Umhverfisstofnun mun aðstoða við fræðsluna. Verður haldið í Skjaldborgarbíó fyrir áhugasama.

Verður auglýst sérstaklega.
Fyrir hverja: Sjómenn, bátaeigendur og aðrir áhugasamir.

Fræðsla um Bláfána og umhverfi

Höfnin mun senda öllum bátaeigendum bækling um Bláfánann og markmið hans. Í bæklingnum verða umgengnisreglur hafnarinnar, flokkun á úrgangi og meðferð spilliefna. Einnig verður fræðsla um mengun í höfum og þá sérstaklega um plasmengun.

Verður sent til allra bátaeigenda.
Fyrir hverja: Notendur hafnarinnar